

Umsjónarkennari - hlutverk og ábyrgð

Í skólastarfinu er umsjónarkennarinn lykilpersóna. Hann er sá aðili sem þekkir nemendur öðrum fremur og getur veitt nemendum þann stuðning og aðhald sem þurfa þykir. Hlutverk umsjónarkennara er m.a. að hlutast til um andlega og líkamlega velferð nemenda sinna, í samvinnu við foreldra/forsjáraðila, eftir þörfum. Umsjónarkennari á að stuðla að góðum bekkjaranda, efla samkennd nemenda og metnað fyrir náminu. Í skólastarfinu er umsjónarkennari tengiliður heimilis og skóla.

Umsjónarkennarar ræða við nemendur sína og fjalla almennt um þau mál sem snúa að vinnu og umgengnisreglum auk mála sem upp kunna að koma í einstökum bekkjardeildum.

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra/forsjáraðila svo oft sem þurfa þykir. Hann skal t.d. hafa samband við foreldra/forsjáraðila ef umsjónarnemendur hans gleyma ítrekað námsgögnum, sinna ekki heimanámi, sýna af sér ókurteisi eða vítaverða framkomu, leggja aðra nemendur í einelti, skrópa eða koma oft seint í kennslustundir. Einnig er mikilvægt að umsjónarkennari hafi samband þegar vel gengur. Gott samstarf við heimili tryggir meiri velferð og góða skólagöngu nemenda og þá þarf líka að halda góðu atriðunum á lofti.

Umsjónarkennarar hafa ekki ákveðna viðtalstíma en sinna samskiptum eins og þarf. Foreldrar/forsjáraðilar eru hvattir til að hafa samband við viðkomandi umsjónarkennara svo oft sem þurfa þykir. Ef upp koma náms- eða hegðunarvandamál geta foreldrar eða nemendur ávallt leitað beint til umsjónarkennara, símleiðis eða með tölvupósti og fengið viðtal ef það hentar. Umsjónarkennari leitar eftir sérfræðiaðstoð í samráði við skólastjóra eftir atvikum.

Umsjónarkennari:

- Hefur umsjón með sínum umsjónarþekki.
- Fylgist með námi og þroska allra nemenda sinna og leitast við að skapa kennsluáðstæður sem eru hvetjandi til náms, vinnusemi og þroska.
- Vinnur náið með öðrum kennurum og starfsmönnum sem koma að árganginum og miðlar til þeirra nauðsynlegum upplýsingum er varða nám/stöðu umsjónarnemenda. Gæta þarf að miðla nýjum upplýsingum ef einhverjar breytingar verða eða eftir skil fagaðila vegna greininga.
- Tekur við og leitar eftir upplýsingum um hegðun, námsframvindu o.fl. hjá sérgreinakennurum og öðrum starfsmönnum sem þeir þurfa að koma á framfæri.
- Færir einkunnir og umsagnir inn í Mentor.
- Vinnur í samstarfi við aðra kennara stigsins/skólans eftir því sem við á.
- Fylgist með samskiptum nemenda sinna innbyrðis og bregst strax við neikvæðri framkomu eða talsmáta.
- Grípur strax inn í ef minnsti grunur leikur á einelti og fylgir þá vinnuferli eineltisáætlunar.
- Hefur samband við forráðamenn eftir þörfum.
- Situr kennara- og árgangafundi og aðra þá fundi sem skólastjórnin felur honum.
- Tekur þátt í vinnu við skólanámskrá og ýmiss konar áætlunum innan skólans.

Hlutverk umsjónarkennara gagnvart námsaðstoð og sérkennslu:

- Ber ábyrgð á öllum nemendum úr umsjónarbekknunum.
- Er í samstarfi við deildarstjóra sérkennslu um nemendur sem þurfa sérkennslu.
- Gerir einstaklingsnámskrár fyrir alla nemendur sem þess þurfa í samvinnu við viðkomandi sérgreinakennara með aðstoð deildarstjóra sérkennslu.
- Situr í teymi fyrir umsjónarnemendur þegar við á.
- Undirbýr tilvísanir í samráði við deildarstjóra sérkennslu.
- Sér um að nemendur hafi námsefni við hæfi í samráði við sérgreinakennara og deildarstjóra sérkennslu.
- Sér um að gera samninga við foreldra/forsjáraðila ef kemur til þess að námi nemanda sé frestað eða flýtt í einstökum námsgreinum í samráði við deildarstjóra sérkennslu.

Hlutverk umsjónarkennara gagnvart félagslífi og vettvangsferðum nemenda:

- Hefur umsjón með og fer í vettvangsferðir í samráði við aðra kennara í árganginum.
- Hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd ýmisskonar skemmtidagskrár síns bekkjar.
- Hefur umsjón með bekkjarkvöldum og sér um annað félagslíf með nemendum innan skólans.

Hlutverk umsjónarkennara gagnvart agavandamálum sem upp koma:

- Fyrst ræðir kennarinn einu sinni eða oftast einlega við viðkomandi nemanda.
- Beri það ekki árangur, hefur umsjónarkennarinn samband við foreldra/forsjáraðila og er það skráð í dagbók viðkomand nemanda í Mentor.

Bæti nemandinn sig ekki, boðar umsjónarkennari bæði foreldra/forsjáraðila og nemanda í viðtal. Niðurstöður þess eru skráðar í dagbók nemandans og einnig hverjir mættu á fundinn. Á þessu stigi málsins má leita aðstoðar námsráðgjafa eða annarra sem að liði gætu orðið. Komi enn í ljós að misbrestur er á að nemandinn sinni námi sínu, er máli hans vísað til skólastjóra.